



Alþingi

Erindi nr. P 116 / 460

komudagur 2 / 12 1992

Reykjavík, 30. nóvember 1992.

Til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis,
b.t. Rögnu Árnadóttur, nefndarritara.

Frumvarp til laga um viðskiptabanka og sparisjóði. 208 mál.

Með bréfi nefndarinnar dagsettu 25. nóvember s.l. er leitað umsagnar Seðlabankans um ofangreint frumvarp.

Seðlabankinn átti tvo fulltrúa í þeirri nefnd sem samdi frumvarpið og það hefur reyndar verið samið að talsverðu leyti hér í bankanum og hefur bankastjórnin fylgst með frumvarpsgerðinni. Þess vegna hefur bankastjórnin ekki tilefni til þess að koma með athugasemdir eða gagnrýni á frumvarpsgerðinni. Þvert á móti mælir hún með því að frumvarpið nái fram að ganga sem lög. Þeir starfsmenn bankans sem unnu að frumvarpsgerðinni eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að koma fyrir þingnefndina og svara fyrirspurnum hennar.

Virðingarfyllt,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Jóhanna María Björnsdóttir Björn Þorvaldur